

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Breiðholts III, Fell vegna Völvufells, birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 25. apríl sl. Tillagan er í kynningu frá 25. apríl 2024 til og með 11. júní 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð:
www.skipulagsgatt.is

Breiðholts III, Fell vegna Völvufells

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 20. mars 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. apríl 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fells vegna Völvufells (Þróunarreit nr. 84 AR2040). Í deiliskipulagsbreytingunni sem lögð er til, er komið til móts við breyttar áherslur á svæðinu. Almennum íbúðum í raðhúsum og fjölbýlishúsi er fjölgað, námsmannaíbúðir fjarlægðar, leikskólalóð stækkuð, lóðarmörkum breytt og skipulagsmörkum þróunarsvæðisins eru uppfærð til samræmis við Þróunarreit Hverfisskipulags. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 25. apríl 2024 til og með 11. júní 2024. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 11. júní 2024.** Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is



Með kveðju,
Puríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur